

Skólaráðsfundur 16. sept 2021

Mættir: Þuríður, Fiona, Júlía Mekkín, Sölvi, Hrefna, Svanhildur, Guðrún Helga, Björg Sigrún og Líney

Fundarritari Vala Nönn

1. ÞÓ kynnr drög að starfsáætlun skólaráðsins og var starfsáætlun skólaráðs samþykkt.
2. ÞÓ segir frá framkvæmdum í skólanum í sumar. Gólf voru bónuð, gluggar þrífir að utan. Nýsköpunarstofa skipulögð og græna herbergið málað. Tússtöflur settar upp þar sem vantaði. Framkvæmdir á kaffistofu starfsmanna eru langt komnar. Portið hefur verið hellulagt og leiktæki þar tekin í burtu og svo er skólahreystibraut í vinnslu
3. Sagt frá breytingum á starfsmannahaldi, ráða þurfti inn kennara nú í haust í forföll vegna veikindaleyfa. Margmiðlun kennd í lotum í stað smíði.
4. ÞÓ segir frá fyrirkomulagi vegna skólaaksturs. Nú hafa orðið breytingar á strætóleiðum þannig að það hentar betur fyrir nemendur úr Staðahverfi. ÞÓ sendi umsagnir frá skólaráði til SFS og þar er vilji til að sleppa skólaakstri og bjóða eingöngu upp á strætókort. Í framhaldi af því sendi skólinn út könnun á því hve margir vilja strætókort og hverjir vilja skólaakstur. Ekki bæði hægt að velja skólaakstur og strætókort. Verður útfært eftir fjölda hvernig aksturinn verður. Ef það eru fáir sem velja skólaakstur þá verður fenginn leigubíll fyrir þá. Núna hafa 20 af 28 svarað könnun og eru 15 sem vilja strætókort og 5 skólaakstur.
5. Nemendum finnst skólaárið byrja vel. Spurt út í skápa fyrir nemendur. Búið að hanna og teikna og verðsetja og ákveða hvar þeir eiga að vera en ekki gott að segja hvenær þeir koma. Stefnt að sjálfsafgreiðslu fyrir nemendur í matsal þannig að ekki þurfi að skammta og það er í vinnslu að fá matarvagn sem hentar til þess. Einnig er verið að vinna í því að fá eftirlitsmyndavélar og vonandi koma þær fyrir jól.
6. ÞÓ ræddi aðeins um TikTok æðið að stela úr skólum sem gengur nú yfir og biðlar til fulltrúa nemenda að aðstoða við að stoppa þetta. Rætt aðeins um hegðun í tíunda bekk. Fram kom að Gestur Pálmason hefði verið fenginn í skóla til að ræða við nemendur með hegðunarvandamál og að það hefði gefið góða raun. Fiona bendir á að það sé fjölbreyttur og fjölmenningslegur starfsmannahópur og það þarf að ræða það með nemendum að sýna öllum virðingu, óháð þjóðerni, bæði nemendum og kennurum. Spurt hvenær koma fleiri Chromebækur í hús. Tveir árgangar á unglíngastigi eiga að fá Chromebook sem koma vonandi í október. Við eigum eftir að sjá hvernig við röðum tækjunum á árgangana. Fulltrúi foreldra benti á að foreldrafélagið á pening sem hægt væri að nýta í fræðslu og jafnvel einhverja innanstokksmuni. Væri gaman að geta boðið foreldrum nemenda á súpufund með fræðslu og spjalli. Stefnt að því að hafa það sem hefð að bjóða foreldrum nemenda í áttunda bekk - en þar sem ekki var hægt að hafa svona fund í fyrra væri gaman að hafa þetta fyrir áttunda og níunda. Foreldrafélagið gaf lóð í litlu líkamsræktina sem hafa komið sér mjög vel.

Næsti fundur er 19. október

Fundi slitið kl. 9